



Fræðslufundur um vinnutímastyttingu

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Nokkur atriði til að hafa í huga

- Samningur um vinnutímastyttingu mætir vaxandi kröfu um meiri tíma til að sinna fjölskyldu og áhugamálum
- Hluti af stóru myndinni – samið um hóflegar launahækkningar sem eru langt frá upphaflegum kröfum VR
- Tilgangurinn er að stytta vinnuvikuna, ekki fjölga orlofsdögum nema það sé óhjákvæmilegt



Á að geta verið beggja hagar

- Er styttingin bara á kostnað vinnuveitandans? Mun hún þýða minni framleiðni í fyrirtækjum?
- Fer eftir framkvæmdinni – á að geta verið beggja hagar
- Mjög mikilvægt að nota þetta tækifæri til að skoða vinnutímaskipulagið vel
 - Hver er raunverulegur vinnutími einstakra starfsmanna, að meðtöldum hléum? Er styttingin jafnvel þegar komin til framkvæmda?
 - Hvar er álagstími og hvar er dauður tími?
 - Hverjar eru hugmyndir starfsmanna um skilvirkara skipulag?
 - Eru möguleikar á að skipuleggja vinnuna betur, bæta þjónustu, draga úr yfirvinnu?
 - Hverjar eru þarfir einstakra starfsmanna, t.d. fyrir að mæta fyrr og hætta fyrr eða mæta seinna og hætta seinna?
 - Samningur FA býður upp á mikinn sveigjanleika í skipulagningu vinnutímans



Ekki gera ekki neitt

- Ef engin vinna fer fram og ekkert samkomulag er gert fyrir 1. desember, styttist hver dagur um 9 mínútur
 - Hætta á að engar breytingar verði á vinnulagi eða skipulagi og framleiðnin minnki
 - Fyrirtækin missa af tækifærinu til að rýna vandlega vinnutíma og skipulag og koma auga á hagræðingarmöguleika
 - Hætta á óánægju starfsmanna vegna þess að 9 mínútur á dag skili þeim engu raunverulegu verðmæti. Aðrar leiðir líklegri til að auka ánægju
 - Hætta á að vinnutíminn styttist ekkert og yfirvinnugreiðslur hækki



Óskaniðurstaðan

- Meiri starfsánægja
- Betra skipulag
- Meiri framleiðni

